

Menntamálaráðuneytið
Karitas Gunnarsdóttir

Reykjavík 26. janúar 2010

635 tóku þátt í fræðslunni

Nítján bekkjardeildir, með samtals 380 nemendum, tóku þátt í grunn- og framhaldsskóla fræðslunni árið 2009. Þar af voru 55% stúlkur og 45% drengir. Fræðslan hlaut fimm tilnefningar til foreldraverðlauna Heimilis og skóla árið 2009. Rauði kross Íslands og Brekkubæjarskóli á Akranesi hlutu tilnefningu fyrir þátttöku í verkefninu.

240 einstaklingar tóku þátt í fullorðinsfræðslunni árið 2009 á tólf námskeiðum. Þar af voru 50% konur og 50% karlar. Jafnréttisráð kynnti sér fræðsluna og fagnar þeirri hugmyndafræði um virka þátttöku beggja foreldra í umönnun barnsins sem unnið er út frá á námskeiðinu.

Samtals tóku 635 einstaklingar þátt í fræðslunni árið 2009. Það er mikill aukning frá árinu 2008. Miðað við 5.000.000 styrk menntamálanefndar eru það 7.875.- kr per einstakling. Aðrar tekjur ÓB-ráðgjafar voru 5.500.000.

Sveitarfélög töldu aukna þörf fyrir stuðning við verðandi foreldra og foreldra ungra barna. Einnig var samstarf við Rauðakross Íslands. Meiri þátttaka sjálfbóðaliða var nú en áður. Til að koma til móts við breyttar aðstæður í samfélaginu höfum við leitast við að lækkað kostnað eins og mögulegt er.

Mikilvægt er að fólki bjóðist undirbúningsfræðsla fyrir foreldrahlutverkið og fjölskyldulíf því „allir“ stefna að því að verða foreldrar og eignast sína eigin fjölskyldu.

Starf ÓB-ráðgjafar hefur verið styrkt af menntamálanefnd alþingis frá árinu 2003.

Þungamiðjan í starfinu hefur verið að þróa leið til þess að undirbúningsfræðsla fyrir foreldrahlutverkið verði almenn og viðurkennd. Leiðin sem er notuð er hagkvæm og námsefnið er byggt á rannsóknum og prófunum.

Meðfylgjandi er framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 og 2010 og samantekt ásamt áður nefndum tilnefningum til foreldraverðlauna Heimilis og skóla.

F.h. ÓB-ráðgjafar

Ólafur Grétar Gunnarsson
Bjarni Þórarinnsson

Samantekt um starf ÓB-ráðgjafar árið 2009

Fjölskyldan er grundvallareining samfélagsins og því er foreldrahæfni lykilatriði fyrir samfélagið og framtíð þess. Undanfarin ár hefur vitneskju um áhrif uppeldisaðferða á geðheilsu og þroska barna fleygt fram. Með rannsóknum á þessu sviði hefur verið lagður grunnur að þróun markvissra aðferða til að þróa og virkja hæfni foreldra. Aðstandendur ÓB-ráðgjafar hafa frá árinu 1998 verið að auka aðgengi fólks að fræðsluefni með vönduðu námsefni. ÓB-ráðgjöf hefur lagt áherslu á að sinna þessu verkefni í samvinnu og samstarfi við foreldrafélög, skóla, aðila vinnumarkaðarins og stóran þverfaglegan hóp sérfræðinga. Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára, 2007 – 2011, til að styrkja stöðu barna og ungmenna er lögð áhersla á að foreldrum standi til boða þjálfun í foreldrafærni með sérstökum námskeiðum sem miðast við mismunandi æviskeið í lífi barnsins. Lögð er sérstök áhersla á foreldra fyrsta barns.



Þör og nýjrir foreldra virkja sig fyrir foreldrahlutverkið. Myndin er tekin í Virkjun.

Sveitarfélög hafa tekið þátt í starfi ÓB-ráðgjafar frá árinu 2001 og menntamálanefnd alþingis frá árinu 2003. ÓB-ráðgjöf stóð m.a. fyrir ráðstefnu um foreldrafærni í samvinnu við Barnaverndarstofu, Kennaraháskóla Íslands og Heimili og skóla þar sem Dr. Jean Clarke, frá Minnesota í USA, kynnti fræðsluefni fyrir foreldra og fjölskyldur. Var í kjölfar ráðstefnunnar boðið upp á nám í samstarfi við Dr. Clarke og tóku 49 fagaðilar af öllu landinu þátt í þessu námi á árunum 2003 og 2004.

Brautryðjendastarf

Í ljósi þess að vinna þarf mikið brautryðjendastarf til þess að fræðsla í foreldrafærni fyrir uppalendur verði viðurkennd og almenn ákváðum við að beina athygli okkar að menntakerfinu árið 2004. Sama ár sóttu 40 fagaðilar af öllu landinu sérhannað námskeið þar sem þær lærðu að nota fræðsluefnið. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Stephanie A. Rowe MA kennari í heilbrigðisfræðum (health education) frá Wisconsin í USA.

Nú hafa á þriðja þúsund grunn- og framhaldsskóla nema tekið þátt í fræðslunni. Fræðsla um uppeldi eru ekki ný vísindi. Í bókinni „Frá gæslu til skóla“ eftir dr. Jón Torfa Jónasson kemur eftirfarandi fram: „*Annað dæmi um að Íslendingar fylgist vel með í þessum málum er áhrifamikil bók Herberts Spencer (1884) um uppeldismál sem hann gaf út árið 1861 og var gefin út hér rúmum 20 árum seinna. Spencer skildi ekkert í því hvers vegna fræðsla um uppeldi vó ekki þyngra í skólafræðslu ungmenna en raun bar vitni.*“

Þörf á auknu framboði á fræðslu

Alþingi hefur lengi verið ljós þörfin á fræðslu fyrir verðandi feður.

Ákvæði um fræðslu fyrir verðandi feður hefur verið í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá 1998. Í framkvæmdaáætluninni fyrir 1998-2001 sagði:

6.5. Feðrafraeðsla fyrir verðandi feður.

Unnið verður að því að koma á sérstakri feðrafraeðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á. Notagildi/árangur foreðrafraeðslu námskeiða: Könnun á sjónarhorni foreldra er nafn á lokaverkefni Jónínu S. Jónasdóttur til embættisprófs í ljósmæðrafraeði frá árinu 2005. „Niðurstöður benda til að þátttakendur eru eldri en almennt er um foreldra fyrsta barns og með hátt menntunarstig. Út frá sjónarhóli nýorðinna foreldra nær námskeiðið ekki markmiðum sínum nema að hluta til. Þarfir foreldra samræmast ekki efnisinnihaldi námskeiðsins nema að hluta til. Þátttakendur töldu sig hafa fengið frekar raunsæa mynd af fæðingu en síður að lífinu eftir hana.“

Tímamóta lokaverkefni

Lokaverkefni hjúkrunarfræðinemanna Guðrúnar Aspar Theodórsdóttur og Tinnu Halldórsdóttur frá árinu 2007 „*Aðlögun að móðurhlutverki*“ er hugsanlega tímamóta lokaverkefni. Höfundar völdu viðfangsefnið vegna áhuga þeirra á líðan mæðra eftir fæðingu og aðlögun þeirra að móðurhlutverki, þar sem þeir telja að þjónusta við mæður sé ábótavant. Þar kemur m.a. fram:

- Að eignast barn getur dýpkað samband og samskipti pars, einkum ef það hefur raunhæfar væntingar og er undirbúið fyrir breytingar í tilfinningasambandinu.
- Margar frumbyrjur lýsa því sem þær kalla „þagnarsamsærið“ um raunveruleika móðurhlutverksins og að þær geti ekki ímyndað sér það að komast af án aðstoðar og hvatningar maka síns.
- Antonia M. Nelson komst að þeirri niðurstöðu árið 1998 að sannfæringin um að móðurhlutverkið væri meðfætt ætti stóran þátt í fæðingarpunglyndi.

Ráðstefna ríkisstjórnarinnar

Þann 17. mars árið 2008 stóð nefnd ráðuneyta um framkvæmd aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar til að styrkja stöðu barna og ungmenna fyrir ráðstefnu um foreldrafærni. Aðgerðaráætlunin tekur m.a. mið af tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um stefnu til eflingar foreldrafærni. Tilgangurinn með þeim tilmælum er að fyrirbyggja og vinna gegn líkamlegum refsingum á börnum. ". Eftirfarandi var haft eftir Braga Guðbrandssyni formanni nefndar ráðuneyta um framkvæmd aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar. „*Þessi þjónusta*

(foreldrafærnifræðsla) ætti að vera almenn og tiltæk foreldrum, ekki síst þeim sem eru að eignast sitt fyrsta barn. Fyrir það fólk ætti hún að vera án endurgjalds og ætti ekki síst að beinast að þörfum feðranna”. Námskeiðið “Barnið komið heim” var kynnt á ráðstefnunni. Úrræðið á sér ekki hliðstæðu hér á landi en sökum smæðar okkar Íslendinga verðum við að styðjast við úrræði sem hafa verið gagnreynd erlendis og aðlaga það aðstæðum.

Námskeið byggt á rannsóknum og prófunum

Námskeiðið *Barnið komið heim* er fræðsluefni, byggt á sálfræði- og kennslufræðilegum rannsóknum og prófunum. Því er ætlað að leiðbeina foreldrum sem eru á leið inn í foreldrahlutverkið og foreldrum ungra barna í að byggja upp sterka og heilbrigða fjölskyldu. Grunnurinn að námskeiðinu eru upplýsingar byggðar að 2/3 hluta á rannsóknum Gottman rannsóknarstofunnar og 1/3 á grunni annarra mikilvægra rannsókna. Árið 2005 taldist dr. John Gottman til að gerðar hefðu verið 15 rannsóknir á þessu sviði frá því 1990. Í samvinnu við Swedish Medical Center í Seattle voru gerðar rannsóknir til að kanna virkni námskeiðsins, en það er kennt á tveimur stigum, þ.e. út frá parsambandinu annars vegar og út frá sambandi barns og foreldris hins vegar. Framskyggjar samanburðarrannsóknir (Longitudinal Randomized Clinical Trial Design) hafa einnig verið gerðar á námskeiðinu. Sú rannsókn var gerð í tveimur þrepum á 6 árum þar sem fylgst var með um 200 fjölskyldum í 3 ár eftir fæðingu barns. Gottmanhjónin eru vel kunn fyrir störf sín bæði meðal fræðimanna, fagfólks og bandaríks almennings. Þau láta sig varða velferð fjölskyldna, foreldra og barna og setja það gjarnan í samhengi við samfélagsþróunina og margvísleg öfl sem nú ógna fjölskyldugildum og uppeldisáhrifum foreldra.



Myndin er dæmigerð fyrir áhuga fólks á námsefninu.
Ljósmyndin er af námskeiði í þjónustumiðstöð Reykjavíkur í Síðumúla.

Viðkvæmni parsambandsins

Sigrún Júlíusdóttir doktor í félagsráðgjöf hefur bent á mikilvægi þess að unnið sé út frá vitneskjunni um viðkvæmni parsambandsins og mikilvægi fræðslu og tilfinningalegs stuðnings við fæðingu fyrsta barns. ÓB-ráðgjöf telur gagnlegt fyrir foreldra að vera undir það búin og taka því sem eðlilegum þætti í aðlöguninni að foreldrahlutverkinu.

Fæðingar og tíðni sambandsslita

Þegar skoðaðar eru upplýsingar á vef Hagstofu Íslands kemur fram að flest börnin eru á aldrinum 0 – 5 ára við sambúðarslit eða lögskilnað foreldra sinna. Svo vitnað sé aftur í Sigrúnu Júlíusdóttur doktor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands í formála að bókinni *And baby makes three* en þar segir hún „Í okkar íslenska samfélagi fer fæðingartíðni ekki minnkandi í sama mæli og í flestum nágrannalöndum, vinnuþátttaka feðra og mæðra er mikil og hinn hefðbundni fjölskyldustuðningur er ekki eins áreiðanlegt bjargráð og áður. Ytri aðstæður eru því oft óhagstæðar ungum foreldrum. Íslensk skilnaðartölfræði hefur um skeið sýnt að skilnaðartíðni er hlutfallslega há meðal ungbarnaforeldra. Nýjar tölur Hagstofunnar staðfesta þetta því miður án þess að opinber félags- og heilbrigðisþjónusta bregðist við með nægilega markvissri fræðslu og stuðningi.“



Jafnréttisfræðsla

Jafnréttisráð kynnti sér á árinu 2009 námskeiðið *Barnið komið heim*. „Jafnréttisráð fagnar þeirri hugmyndafræði um virka þátttöku beggja foreldra í umönnun barnsins sem unnið er út frá á námskeiðinu. Ráðið er þeirrar skoðunar að með því sé unnið að auknu jafnrétti, jafnari ábyrgð foreldra í millum og aukinni gagnkvæmri virðingu beggja kynja. Slíkt stuðli jafnframt að farsæld barnsins og fjölskyldunnar í heild. Þess vegna styður Jafnréttisráð þarft framtak ÓB-ráðgjafar og hvetur foreldra til að nýta sér námskeiðið.“ Þá má nefna að námskeiðið var kynnt á fyrirlestraröð Jafnréttisnefndar Háskóla Íslands með yfirskriftinni *Mikilvægi feðra í frumbersku*.

Það getur hjálpað verðandi pabbanum að fá nánari tilfinningu fyrir bumbunni.

Úttekt velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Námskeiðið fór fyrst af stað haustið 2008 og lét sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar gera úttekt á námskeiðinu síðast liðinn vetur. Niðurstaða þeirrar úttektar var að þátttakendur virðast almennt ánægðir með námskeiðin. Meðaltalseinkunn námskeiðanna í heild er 4,39 (einkunnaskali er á bilinu 1-5) sem er mjög gott. Þátttakendur er bæði ánægðir með kennara námskeiðanna og námsefni.

Samstarf við starfsfólk heilsugæslunnar

Í samstarfi við þjónustumiðstöðvar höfuðborgarinnar var námskeiðið kynnt fyrir starfsfólk mæðra- og ungbarnaverndar hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Sem svar við áhuga starfsfólksins á námskeiðinu var í framhaldinu haldið námskeið fyrir starfsfólkið.

300 einstaklingar hafa sótt námskeiðið

Hérlendis hefur námskeiðið *Barnið komið heim* mælst vel fyrir og hafa nú um 300 einstaklingar/150 pör sótt það síðan í október 2008.

Um námsefnið.

ÓB-ráðgjöf hefur unnið að þýðingu námsefnis á íslensku. María Vigdís Kristjánsdóttir sérkennari, cand. mag í ensku og bókmenntafræðum og M.A. í þýðingarfræðum sá um þýðingu námsefnisins. Eftirtaldir aðilar fóru yfir textann og veittu ráðgjöf til að námsefnið væri búið sem best úr garði. Þessir aðilar eru Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur, Ingólfur Sveinsson geðlæknir, Stefanía Arnardóttir hjúkrunarfræðingur, Hera Ósk Einarsdóttir félagsráðgjafi, verkefnastjóri forvarna og þróunar hjá Reykjanesbæ og Valgerður Snæland Jónsdóttir náms-og starfsráðgjafi, með BA í sérkennslufræðum og M.Phil. í skólanámskrágerð og menntunarstjórnun. Í lokin fór dr. Gauti Kristmannsson fyrrverandi forstöðumaður Þýðingarseturs Háskóla Íslands yfir textann.

Hér hefur verið gert grein fyrir fullorðinsfræðslu ÓB-ráðgjafar.

Grunn- og framhaldsskólafræðsla:

Þar sem flest ungt fólk er að eðlisfari áhugasamt um mannlegt eðli, siðgæði og fært um að hugsa um það á frumlegan hátt, virðast unglingsárin vera heppilegur tími til mennta fyrir foreldrahlutverkið. Verkefnið felst í því að drengir og stúlkur fá ”Raunveruleiknibarnið” með sér heim og fá reynslu af því að annast “ungabarn” allan sólarhringinn í nokkra daga, tækifæri til að læra, gera mistök og leiðrétta þau, án þess að það hafi áhrif á raunverulegt ungabarn.

Nemendurnir fá fræðslu um skaðsemi tóbaks, áfengis og fíkniefna á meðgöngu og skaðsemina sem neysla veldur þeim. Einnig er fjallað um hættuna á ”Shaken baby syndrome.“

Í verkefninu er m.a. notað fræðsluefni frá Lýðheilsustöð.

Verkefnið er leið til að efla jafnréttisfræðslu.



Nemendur í 10. bekk í Grunnskólanum á Hellu

Fimm tilnefningar til foreldraverðlauna

Grunn- og framhaldsskólafræðsla ÓB-ráðgjafar hlaut fimm tilnefningar til foreldraverðlauna Heimilis og skóla árið 2009. Rauði kross Íslands og Brekkubæjarskóli á Akranesi hlutu tilnefningu fyrir þátttöku í verkefninu. Einnig hlaut verkefnið tilnefningu árið 2005 og 2006.



Þrjátíu og sex nemendur í Menntaskólum í Kópavogi tóku þátt og öll náðu áfanganum.

Lokaverkefni hjúkrunarfræðinema við Háskólann á Akureyri

Árið 2007 var Raunveruleiknibarnið lokaverkefni hjúkrunarfræðinema við Háskólann á Akureyri. Raunveruleiknibarnið var hluti af lokaverkefni nema við Háskóla Íslands árið 2007 og Háskólans í Reykjavík árið 2004. Tveir nemar í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri, þær Hrafnhildur Eypórsdóttir og Kristín B. Flygenring, fjölluðu um verkefnið í lokaverkefni sínu til B. Sc. gráðu í hjúkrunarfræði. Tilgangurinn var að kanna reynslu unglinga og foreldra þeirra af verkefninu.

”Margar erlendar rannsóknir og ein íslensk hafa sýnt fram á góðan árangur verkefnisins. Verkefnið virðist auðvelda unglungum að gera sér raunhæfar hugmyndir varðandi foreldrahlutverkið.”

Í erindi til fjárlaganefndar árið 2007 segir Ingólfur S. Sveinsson geðlæknir.

”Kennsluáðferðin sem kynnt er í umsókninni er bæði falleg og mjög virk, jafnvel mögnuð. Unglingarnir ræða mikið sín á milli um verkefnið. Sumum finnst það erfitt, öðrum ánægja.

Listamaðurinn Kurt Zier á að hafa sagt: Segðu mér – og ég gleymi.

Sýndu mér- og ég man.

Gerðu mig að þátttakanda og þá kann ég.

Verkefnið í heild er öflug aðferð til að fá unga fólk til að taka ábyrgð á lífi sínu. Það á skilið verðugan stuðning okkar.”

Hér á eftir eru tilnefningar ÓB-ráðgjafar til foreldraverðlauna Heimilis og skóla.

ÓB ráðgjöf Hugsað um barn

Markmiðið með verkefninu er að fylla upp í það tómarúm sem vantar í kennslu á Íslandi. Að eignast barn er væntanlega eitt það mikilvægasta sem gerist á lífsleið meðlmanns og vel flestir eignast barn á ævinni en fáir fá fræðslu um hvað fylgir því að eiga og ala upp barn. Verkefnið fór fyrst af stað 2004 í skóla í Reykjanesbæ og hefur síðan verið í öllum grunnskólum bæjarins.

Aðkoma foreldra á náttúrulega að vera sem minnst því það er ætlast til þess að nemendur hugsi um barnið. Foreldrar þurfa hins vegar að gefa leyfi fyrir verkefninu og þurfa að aðstoða þá sem þess þurfa við „uppeldið” á barninu eina helgi og að sjálfsögðu vakna foreldrarnir líka við gráturinn á nóttunni. Foreldrar eru einnig hvattir til að ræða við börnin sín um barneignir, kynlíf og vímuefni og fylgifyska þess.

Það er stundum þannig að samband milli kennara/skóla og foreldra er ekki mikið en þarna er frábær leið til að fá foreldrana til að koma og taka þátt og kynna sér það sem skólinn hefur upp á að bjóða. „Heimavinna” er ekki skylda og er alfarið í höndum foreldra og nemenda að ákveða hvort raunveruleikabarn er tekið á heimilið yfir helgi.

Verkefnið *Hugsað um barn* felst í því að unglingarnir, bæði drengir og stúlkur, fá raunveruleikabarn með sér heim í nokkra daga. Hér á landi fá unglingarnir að reyna ábyrgð foreldrahlutverksins yfir eina helgi. Í tengslum við þessa helgi fá unglingarnir töluverða fræðslu um ábyrgðina sem felst í barnauppleidi. Nemendurnir fá fræðslu um skaðsemi tóbaks, áfengis og fíkniefna á meðgöngu og skaðsemina sem neysla veldur þeim og þeirra lífi.

Í verkefninu er vakin athygli á ábyrgðinni sem fylgir kynlífi og ábyrgðinni sem fylgir því að vera foreldri.

Tilnefnd er: ÓB ráðgjöf

Tilnefningaraðili: Yngvi Þór Geirsson kennari í Njarðvíkurskóla

ÓB ráðgjöf Hugsað um barn

Markmið verkefnisins „Hugsað um barn” eru m.a; að unglingar takist á við þá ábyrgð sem því fylgir að stunda kynlíf og að annast ungabarn, fræða og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu og að leiðbeina foreldrum um hvernig þeir geti rætt við börnin um kynlíf og vímuefni.

Foreldrar þurfa að samþykkja að barnið þeirra fái að taka þátt og þau verða “amma og afi” eina helgi. Foreldrar mæta með barninu sínu á fræðslufund þegar raunveruleikabarnið er afhent.

Það að foreldrar komi á fræðslufund eins og þennan þar sem umsjónarkennarar, skólastjóri, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur eru líka, styrkir tengslin milli þessara hópa. Það eru allir að tala um það sama, velferð nemendanna og þeirra framtíð. Það myndast skemmtileg stemning þegar nemendur fá “barn” heim. Það að sjá unglunga með “barn” með sér í búðinni, úti að ganga eða á íþróttæfingu skapar skemmtilegar umræður í samfélaginu.

Með umræðu um forvarnir, kynlíf og barnauppeldi, þessa helgi sem “barnið” er heima, er öll fjölskyldan þátttakandi. Þetta verkefni opnar á umræðu milli foreldra og barns sem hefði jafnvel orðið seinna eða aldrei en er mikilvægur liður í uppeldi unglunga. Í tvo sólarhringa eru nemendurnir í hlutverki foreldra og verða að sinna öllum þörfum dúkkunnar, á nóttu sem degi. Umönnun lýkur síðan um klukkan sjö á mánudagsmorgni. Eftir það er prentuð út skýrsla sem vistuð er í minni dúkkunnar þar sem fram kemur hvernig umönnunin gekk yfir helgina.

Tilnefnd er: ÓB ráðgjöf

Tilnefningaraðilar: Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri, Anna Þóra Þorgilsdóttir skólahjúkrunarfræðingur og Brynhildur Benediktsdóttir námsráðgjafi við Brekkubæjarskóla

Heimili og skóli 17

ÓB ráðgjöf **Aðlögun að foreldrahlutverki**

Mikil ábyrgð fylgir því að eignast og annast um barn. Foreldrahlutverkið er ævilangt starf og krefst breytinga á lífsstíl, viðhorfum og hegðun. Námsefni ÓB ráðgjafar býr nemendur undir þetta erfiða og skemmtilega hlutverk.

Áfanginn, sem gefur tvær einingar, var vinsælasti áfanginn í Menntaskólanum í Kópavogi á þessari önn. Námskeiðið var fullbókað á innan við viku, 43 nemendur tóku þátt. Er það í fyrsta sinn sem við vitum til að framhaldsskólánemum standi slíkt til boða og fái fyrir það einingar til stúdentsprófs. Verkefnið var samstarfsverkefni Menntaskólans í Kópavogi, Heilsugæslunnar í Kópavogi og ÓB-ráðgjafar. Námskeiðið fólst í þremur tvöföldum kennslustundum þar sem unglíngarnir voru fræddir um kynlíf, getnað, umönnun barna og foreldrahlutverk, getnaðarvarnir, kynsjúkdóma „og fleira sem á erindi við aldurshópinn.“

Foreldrar komast tæplega hjá því að verða varir við “barnið” og í framhaldi spinnst holl og þörf umræða um kynlíf unglínga, ábyrgð, getnaðarvarnir, ótímabæra þungun og foreldrahlutverk. Í áfanganum eru nemendur fræddir um foreldrahlutverkið og afleiðingar ótímabærrar þungunar með því að fá þeim í hendur svokallað raunveruleikabarn. Það er brúða sem lítur út eins og ungabarn en er með tölvuheila. Nemandi þarf að sinna barninu, t.d. bregðast við gráti þess, gefa því að borða, skipta um bleiu o.s.frv. Á föstudegi er barnið afhent nemanda. Á mánudagsmorgni er barninu skilað og skýrsla um hvernig því var sinnt er prentuð út og einkunn gefin í samræmi við það. Í framhaldi er rætt um hvernig gekk og þá upplifun að bera ábyrgð á ungabarni dag og nótt.

Tilnefnd er: ÓB ráðgjöf

Tilnefningaraðili: Menntaskólinn í Kópavogi

ÓB ráðgjöf **Samstarf foreldra og skóla**

Markmiðið með verkefninu er að auka foreldrahæfni og að undirbúa unglunga fyrir það ábyrgðarhlutverk sem foreldrahlutverkið er. Verkefnið hófst árið 1998 fyrir foreldra leikskólabarna, 2004 hófst fræðsla fyrir unglunga í grunnskólum og 2008 í framhaldsskólum.

Foreldrar leikskólabarna sækja 6 vikna námskeið. Í grunnskóla og framhaldsskóla taka foreldrar þátt með barninu sínu heila helgi í umönnun barns.

Það eru allir sem leggjast á eitt við að hjálpast að við að takast á við verkefnið sem námskeiðin byggjast á. Þau eru haldin ár eftir ár í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum. Foreldranámskeiðið stuðlar að jákvæðum samskiptum foreldra og barna og ekki síður foreldra við aðra foreldra. Það sem gert er í grunnskólum og menntaskólum eflir samband foreldra og unglunga og gefur okkur sem foreldrum innsýn í nám þeirra og líf.

Við höfum nota allt það sem við lærðum á foreldranámskeiðinu árið 1998 þegar synir okkar voru 6 ára og tveggja mánaða og hefur það reynst okkur frábært hjálpartæki í uppeldi þeirra. Einnig tókum við þátt í grunnskólanámskeiðinu með eldri syni okkar sem varð það til þess að styrkja okkur í foreldrahlutverkinu

Tilnefndur er: Ólafur Grétar Gunnarsson – ÓB ráðgjöf
Tilnefningaraðili: Þórunn Íris Þórisdóttir

Heimili og skóli 20

Brekkubæjarskóli – Anna Þóra Þorgilsdóttir

Hugsað um barn

Verkefnið er alhliða forvarnarverkefni um lífsstíl unglunga. Það hjálpar þeim að taka upplýsta ákvörðun um kynlíf, áfengi/vímuefni, mikilvægi þess að standa sig í námi og stuðlar að samvinnu unglunga og foreldra.

Verkefnið hefur fest sig í sessi sem áhrifaríkt forvarnarverkefni. Það vekur unglunga til umhugsunar um afleiðingar kynlífs og leitast við að hafa áhrif á að unglingar byrji að stunda kynlíf eldri en nú þekkist og axli ábyrgð.

Foreldrar fá kynningarfund um verkefnið og þegar “barnið” er komið á heimilið verða þeir “afi og amma” um stund. Í því hlutverki gefst tækifæri til að fræða og leiðbeina, ræða hluti sem annars væru kannski ekki eða lítið ræddir. Þetta er líka gott tækifæri fyrir foreldrana að leyfa unglungum að axla ábyrgðina, gæta þess að grípa ekki inn í eða skipta sér af að óþörfu. Verkefnið er öllum mikilvægt, unglungurinn skynjar afleiðingar kynlífs og þá ábyrgð sem fylgir nýju lífi.

Foreldrarnir styrkja tengsl við unglunginn og fá kærkomið tækifæri til að ræða við hann um kynlíf, barneignir, segja frá eigin reynslu og hvaða ábyrgð fylgi nýju lífi. Þetta eru umræður sem oft á tíðum vilja gleymast eða er viljandi ýtt til hliðar. Kennarinn finnur að foreldrarnir taka þátt í kennslunni og stuðla þannig að betri árangri.

Tilnefnd: Anna Þóra Þorgilsdóttir hjúkrunarfræðingur og umsjónarkennarar 10. bekkja.

Tilnefningaraðili: Margrét Þorvaldsdóttir

Rauði Kross Íslands Hugsað um barn

Foreldrar og kennarar ræddu um verkefnið áður en það hófst og eftir að því lauk. Þeir voru sammála um að það hafi haft jákvæð áhrif á unglingana. Verkefnið kemur af stað nauðsynlegri umræðu meðal unglunga, foreldra og kennara og hefur fyrirbyggjandi áhrif.

Markmiðið er að fá unglunga til þess að hugsa um afleiðingar frjáls kynlífs og gera þeim grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir því að eignast barn. Verkefnið hefur verið reynt einu sinni en tókst mjög vel og er ætlunin að halda því áfram með nemendum 9. bekkjar á næsta ári.

Foreldrar komast ekki hjá því að verða þátttakendur þegar ungbarn er komið á heimilið og í kjölfarið skapast umræður um þessi mál.

Nemendur og foreldrar ræða um ábyrgð þess að eiga barn og þá staðreynd að unglingarnir eru í raun bara börn ennþá og hafa ekki þann þroska sem þarf til þess að takast á við barneignir. Þar af leiðandi verða þeir að fara varlega í kynlíf.

Tilnefndur: Rauði Kross Íslands

Tilnefningaraðilar: Varmalandsskóli